


Fornleifaskráning í landi Bæjarskers

vegna nýs deiliskipulags



Desember 2008

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	2
Jarðanúmer	3
SÖGULEGT YFIRLIT	4
NÁTTÚRFAR OG JARÐABÆTUR	6
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	7
Bæjarsker syðra	7
Bæjarsker II	28
NIÐURSTÖÐUR	31
Bæjarsker syðra	31
Bæjarsker nyrða.....	33
Samantekt á niðurstöðum:	33
HEIMILDASKRÁ BÝJASKERS	34
Prentaðar heimildir	34
Heimildarmenn við fornleifaskráningu á Bæjarskeri	34
KORT 1: TÚNAKORT	35
KORT 2: STAÐSETNING FORNLEIFANNA.....	36

INNGANGUR

Byggingarfulltrúinn í Sandgerði óskaði í nóvember 2007 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu á landi Sandgerðis vegna nýrra byggingarsvæða. Þá kom einnig fram að vinna við aðalskipulag fyrir Sandgerði væri á döfinni, og fornleifaskráning vegna þeirrar vinnu væri nauðsynleg. Þessi fornleifaskráning hefur farið fram að höfðu samráði við Kanon arkitektastofu sem vinnur aðalskipulagið fyrir Sandgerði.

Land Bæjarskers syðra er eitt af þeim svæðum sem áætlað er að deiliskipuleggja, og er fornleifaskráning þessi gerð vegna þeirrar vinnu.

Mörk skráningar svæðisins eru: Frá vegaslóða að Bæjarskeri eftir Stafnesvegi sem eru austurmörk svæðisins að landi Hólshúss, frá Hólshúsi í vestur út að sjó sem er suðurhlið svæðisins, vesturhlið svæðisins liggur að landamerkjum Bæjarskers nyrðra í norður, og norðurhlið svæðisins liggur frá sjó eftir túngirðingu í nokkuð beina línu að vegaslóða að bæjarhól Bæjarskers. Vegaslóðinn er markalína á milli norður og suður Bæjarskers. Til viðbótar við fyrrnefnda skráningu er bæjarhóll Bæjarskers nyrðri ásamt túngarði í kringum bæjarstæðið og því sem er innan garðsins, ásamt skráningu á svonefndri Lögréttu. Annars er vísað til fyrri fornleifaskráningar fyrir Bæjarsker nyrðra frá árinu 2004. Í heimildum er getið bæði um Bæjarsker I og II eða Bæjarsker syðra og Bæjarsker nyrðra. Í fornleifaskráningu er notað syðra fyrir Bæjarsker I og nyrðra fyrir Bæjarsker II.

Skráning á vettvangi fór fram 5. maí, 6. ágúst og 30. október 2008.

Þessi vinna er framhald af fornleifaskráningu sem ég gerði árið 2004 fyrir Sandgerðisbæ. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins verður þessi hluti skráningarinnar lagður fram sem framhald af þeirri fornleifaskráningu, og síðan bætast við þau svæði sem fyrirhugað er að fornleifaskrá vegna nýrra byggingarsvæða. Þessi skráning er því hluti af þeirri heildarskráningu sem fyrirhugað er að gera. Þegar henni er lokið verður lögð fram heildarskráning fyrir fyrirhuguð skráningarsvæði.

- Fornleifaskráningin sem gerð var árið 2004 hafði númerin 1-51 í landi Sandgerðis. Fornleifar í landi Býjaskers nyrðra fengu númerin 1- 17.
- Þær fornleifar sem nú voru skráðar í landi Bæjarskers syðra fá númerin 152-179.
- Fornleifar í Bæjarskeri nyrðra fá númerinn 180-183.
- Að auki eru númer í sviga fyrir aftan fyrrgreind númer, þau eru einungis vinnunúmer fyrir myndir og teikningar.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ verkfræðistofu Borgartúni 26, Reykjavík, sem er í samvinnu við Sandgerðisbæ. Ljósmyndir eru teknar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur gert allar teikningar af fornminjunum. Að auki eru þrjár ljósmyndir og teikning af bæjarhól Bæjarskers syðra í eigu Einars Bergssonar í skýrslunni.

Myndadiskur fylgir hér með, og eru myndirnar á honum númeraðar *með sömu númerum og eru í þessari skrá*. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig, og fornleifar merktar inn á hann með því númeri sem þær eru í þessari skrá. Á loftmyndinni eru einnig númer á fornleifum úr skráningunni frá árinu 2004, en þau númer eru 1 – 17.

Einari Bergssyni sem ólst upp á Bæjarskeri syðra, Ólafi Jónssyni sem ólst upp á Bæjarskeri nyrðra og Reyni Sveinssyni, Fræðasetri Sandgerðis, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð við fornleifaskráninguna.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða upphafsstöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum, í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Sandgerði 181043 og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 60 í nefndu tilviki. Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hvernar jarðar; bæjarstæði Sandgerðis væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Sandgerði - 181043 60 -1. Það sama gildir fyrir Býjasker, en þar er landsnúmer Fasteignamats ríkisins 181050, og númer jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens er 55, þá verður fyrsta númerið fyrir Býjasker 181050 55 - 1.

SÖGULEGT YFIRLIT

Í Landnámu er sagt að Ingólfur hafi gefið frændkonu sinni, Steinurði hinni gömlu, Rosmhvalnes allt að Hvassahrauni.¹

Íslensk fornrit árið 1270 greina frá rekaskiptum í Rosmhvalnesi þar er getið um rétt Bæjarskers til reka.²

Hítardalsbók frá 1367, greinir frá kirkju Ólafs konungs helga á Bæjarskerum.³

Jarðakaupabréf frá 1444 segir að Skúli Loftson hafi selt Hallsteini Höskuldssyni jörðina Þingnes í Borgarfirði í sextíu hundraða en Skúli leggur til á móti hálf Bæjarsker á Rosmhvalnesi, Hraunhafnarbakka á Snæfellsnesi og þar til fjögur kúgildi.⁴

Í ágúst 1488 segir í Bíaskersbréfi gert á Mel í Miðfirði, að Guðmundur prestur Skúlason selji Ólafi biskup og heilagri Hólakirkju jörðina Bíasker á Rosmhvalnesi fyrir fjóra tugu hundruð í lausafé. Í júní 1489 er á Hólum er skráður vitnisburður Snjólfss Sigurðssonar prests um lokagreiðslu á andvirði Bíaskerja til handa Guðmundi Skúlasyni presti frá Ólafi biskup sem áður keypt hafi jörðina.

Á Býjaskerjum 1490 er “Dómr Diðriks Pínings fáveta og höfuðsmanns yfir alt Ísland um skuldir Norðlendinga við Sunnlendinga, og um það, hve nær skuli vera vorvertíðarlök.”

Að Hólum í júlí 1491 lýsir Snólfur Sigurðsson prestur því yfir að hann hafi fyrir hönd Ólafs biskups lokið greiðslu til séra Guðmundar Skúlasonar fyrir jörðina Býasker með þeim greiðslu sem sem í bréfinu greinir.⁵

Í Viðey í apríl 1517 lætur Ögmundur ábóti í Viðey Hannes Eggertsson fá til fullrar eignar jarðirnar Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði, fyrir jarðirnar Býjasker og Þórisstaði í Rosmhvalnesi.⁶

Þá er á Býjaskerjum í september 1539 kveðinn upp 12 manna dómur sem skipaður var af Erlendi Þorvarðarsyni lögmanni vegna yfirgangs enskra manna á Íslandi.⁷

Árið 1550 eru taldar upp jarðir Hólastóls sem seldar hafa verið í tíð Jóns biskups, þar á meðal er hálf Býjasker, xx, c.⁸

Í Fógetareikningum frá 1547-1548 er getið um gjöld Beeraskeeriom (Býjaskers) til kirkju- og landskuldar.⁹

¹ Landnáma 1. bindi, síðari hluti. 1965, 392.

² Íslenzkt fornbréfasafn II bls. 77

³ Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 221

⁴ Íslenzkt fornbréfasafn IV bls.658-659

⁵ Íslenzkt fornbréfasafn VI bls.637, 659, 718-719,758

⁶ Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls.608,700

⁷ Íslenzkt fornbréfasafn X bls. 474

⁸ Íslenzkt fornbréfasafn XI bls.872

⁹ Íslenzkt fornbréfasafn XII bls.116,142,157

Í Jarðabók frá 1703 segir um Biarskier (Bæjarsker) að jarðadýrleiki á jörðinni sé óviss og hún tíundist engum. Jörðin er í konungseign. Ábúandinn Runólfur Þórðarson lögréttumaður. Landskuld 2 hundruðustu, 60 álnir greiðist með 14 vættum fiska í kaupstað á Básendum, eftir að það var legit út, en áður greitt heim til Bessastaða. Við (timbur) til húsabótar leggur ábúandi til. Kúgildi eru fimm. Leigur greiðist með fiski í kaupstað. Kúgildið uppbygir ábúandinn fram að þessu, annars vonar hann að umboðsmaðurinn muni bæta upp það sem þarf að lóga sökum elli. Kvaðir eru um mannlán um vertíð. Kvíkfénaður er fjórar kýr og eitt ungneyti. Heimilsmenn eru átta. Skóg til kolagerðar notar jörðin í almenningnum. Torfrista og stunga engin nema í sendinni jörðu, varla nýtandi. Fjörugrastekja nokkur. Murukjarnar og söl eru notað sem gjaldmiðill. Heimræði er árið um kring og lending slæm, önnur langt frá flæðihólma og þar fyrir utan bæði hættuleg og erfið fyrir skip. Hér ganga skip ábúananda eftir hentugleikum. Tún ganga mjög af sér vegna sands og sjávargangs. Engjar eru engar. Land graslítið mestallt grjót og sandur. Flæðihætta mikil. Eldiviðartak ekkert nema af fjörubangi. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum.

Býjasker er sagt hafa níu nafngreinadar hjáleigur og að auki tvær sem eru farnar í eyði fyrir löngu og nafn á þeim er ekki vitað síðan.

Bárugerði er sögð fjórða hjáleiga frá Biarskieri.(Bæjarsker). Jarðadýrleiki er óviss. Ábúandinn Jón Sverrisson. Landskuld 50 álnir. Borgist með þremur vættum fiska í kaupstað eða til heimabóndans. Við til húsabótar leggur heimabóndinn. Kúgildi er eitt. Leigur borgist í fiski eða smjöri til heimabóndans. Kúgildið uppbygir heimabóndinn. Kvaðir eru um mannlán árið um kring á skipti bóndans. Kvíkfénaður eru tvær kýr, eitt hross. Hægt er fódra eina kú og eitt ungneyti ríflega. Heimilismenn eru þrír og í þremur fjórðungum. Hjáleigumenn nýta sér fjöruna til eldiviðartaks og sölvatekju og hið sama murukjarna og önnur hlunnindi fjörunnar bæði til að næra sig og pening sinn.¹⁰

Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að jörðin sé í bændaeygn, dýrleiki jarðarinnar sé 45 5/6 Landskuld 1,110. Kúgildi fimm. Ábúendur einn leiguliði. Í skýringum segir: Sýslumaður telur eigi hjáleigurnar en prestur þær allar og nefnir hann Miðkot svo og jb. (Jarðabók) 1803 og voru þá Uppsalar í eyði, en um þá segir A.M. að þeir hafi verið 20 hundraða bænda eign, með 100 al. Isk. 2 kúg. Í Jarðartali Johnsens er jörðin númer 55 í jarðaskrá.¹¹

Túnakort frá 1919 sýnir að þá hefur verið tvíbýli á Bæjarskerjum, Bæjarsker syðri og Bæjarsker nyrði.¹²

Það er einnig sýnt á uppdrætti af Bæjarskeri frá 1910 sem gerður var eftir lýsingu Magnúsar Einarssonar, og teiknað af Sigurði H Guðjónssyni.¹³

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-1924, 54-58.

¹¹ J.Johnsen 1847, Jarðatal bls.87. Kaupmannahöfn 1847.

¹² Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort 1919.

¹³ Uppdráttur af Bæjarskeri frá 1910. Niðjar Páls Pálssonar og Þórunnar Sveinsdóttur Bæjarskeri.

NÁTTÚRFAR OG JARÐABÆTUR

Að Bæjarskeri I, syðri bænum, þar er tún suður af bænum í átt að Hólshúsum, og liggur í vestur upp að grjóti, en þar er klettabeltin sem er nokkuð vel afmarkað frá túninu. Niður við sjó heitir Undirlendi. Þar upp af er svonefndur Bakki. Þá er Vesturflöt sem liggur heim og suður að sjávargötu. Þaðan niður að tjörninni er Kinn og vestast á Vesturflöt er Harðhaus. Kinn liggur heim undir Gerði sem er rétt laust við bæinn. Brandsenni nær frá Kinn að götu er liggur að Hólshúsi. Á Austurtúni er Grásteinsslétta og þá næst er Austurflöt, sem er lægð undir brekkunni. Hún heitir hér Hali og er á móti vestri. Dagmálakrókur er syðst uppi á hallanum. Norðaustur af Austurflöt er Traðarkrókur, sem er heim undir heimreiðinni.

Heimild: Örnefnastofnun Íslands. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Miðneshreppur: Bæjarsker. Bls. 1-2.

Túnakort frá 1919 segir að tún við Bæjarsker syðri séu 2.6 teigur og að kálgarðar 1320 m².

Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands, Túnakort 1919.

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Bæjarsker syðra

Bæjarsker 181050-55 - 152 (244)



Horft til vesturs af bæjarstæðinu.

Sérheiti: Bæjarsker syðra.

Hlutverk: Bústaður.

Tegund: Bæjarhóll.

Staðsetning: N: 64°01.725 V: 22°42.426

Ástand: Horfið.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Stafnesvegi í vestur eftir vegaslóða í vestur að bæjarhólnum.

Lýsing: Á bæjarhólnum standa nú byggingar frá um 1950 og þar kring. Íbúðarhúsið sem stóð þar síðast var steinsteyp, byggt um 1942. Það var rífið um 1986.

Aðrar upplýsingar: Stærð bæjarhólsins er samkvæmt mælingu á loftmynd frá Verkfræðistofu Reykjaness er 1306 m².

Samkvæmt túnakorti frá 1919 má sjá götuslóða sem legið hefur yfir túnið niður að vörinni, og annan slóða sem hefur legið hefur að Hólshúsi, sem er næsti bær sunnan við. Nú sést ekki móta fyrir þessum slóðum.

Síðustu ábúendur á Bæjarskeri syðra voru hjónin Pálína Þórunn Theodórsdóttir (1921-1997) og Bergur Sigurðsson (1916-1993).

Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort 1919.
Viðmælandi Einar Bergsson, Sandgerði.

Myndir og teikning frá Bæjarskeri í eigu Einars Bergssonar Sandgerði.




Heimreiðin að Bæjarskeri um 1960.



Húsaþyrpingin á Bæjarskeri um 1940.



Bæjarsker syðra um 1960, húsið var rífið 1993.



Bæjarsker syðra um 1910, horft til vesturs. Teikning Sigurðar H. Guðjónssonar samkvæmt lýsingu Magnúsar Einarssonar.

Bæjarsker 181050-55 - 153 (202)

Hlutverk: Brunnur.

Tegund: Heimild/horfið.

Staðsetning: N: 64°01.719 V: 22°42.391

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Ástand: Horfið.

Staðhættir: Í smá halla við austurmörk bæjarstæðis Bæjarskers, þar sem götuslóðinn að Bæjarskeri mætist við slóða sem liggur út á suðurtún

Lýsing: Staðurinn er grasivaxinn og ekki sést móta fyrir brunninum á yfirborði staðarins.

Heimild: Túnakort frá 1919.

Bæjarsker 181050-55 - 154 (201)

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Heimild/horfið.

Staðsetning: N: 64°01.172 V: 22°42.397

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga eða vegagerðar.

Ástand: Horfið.

Staðhættir: Um 6 m í vestur frá matjurtagarði sem er sunnan við götuslóðann, sem liggur að Bæjarskeri, en slóði liggur á milli matjurtagarðsins og bæjarhólsins út á túnið í suður. Byggingin hefur staðið vestan við slóðan út á túnið.

Lýsing: Á staðnum er grasivaxið og ekki sést móta fyrir neinum hleðslum á yfirborði.

Heimild: Túnakort frá 1919

Bæjarsker 181050-55 - 155 (245b)

Sérheiti: Túngarður Bæjarskers syðra.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64°01.726 V: 22°42.460

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Það sem er en sýnilegt af garðinum er á vestur- og norðurhlið bæjarhóls Bæjarskers.

Lýsing: Garðurinn er nokkuð heillegur á vesturhlið. Hann er um 16 langur og hleðsluhæð allt að einn meter, steinastærð 0.25-0.40 m. Á norðurhlið er hann um 22 m langur og hleðsluhæð allt að 1.20 m. Steinastærð um 0.25-0.40 m. Norðurhlið garðsins liggur að bæjarstæði Bæjarskers nyrða.

Aðrar upplýsingar: Vegna ýmissa bygginga sem nú standa á bæjahólnum, má ætla að suður- og austurhlið garðsins hafa horfið við þær framkvæmdir.



Brunnurinn horft í norður.

Hlutverk: Brunnur.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64°01.721 V: 22.42.479

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.


Hættuorsök: Nýbyggingar/vegagerð.

Staðhættir: Um 15 m í vestur frá bæjarhól Bæjarskers við norðurmörk bæjarstæðisins.

Lýsing: Brunnurinn er um 1,30 x 1 m. Hleðslukantur er í kringum brunninn, hleðsluhæð um 0.35 m. Brunnopið er hulið með bárujárnsplötu og stórum steini.



Horft í suðvestur yfir tóftina.



Teikning af tóftinni.

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64°01.721 V: 22°42.359

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga eða vegagerðar.

- Staðhættir:** Um 220 m eftir vegaslóða að Bæjarskeri, sunnan vegar. Tóftin er hlaðin austan við matjurtagarð, út við vegslóðann að bæjarhól Bæjarskers.
- Lýsing:** Vesturhlið tóftarinnar er hlaðin utan í hleðslur sem eru í kringum matjurtagarð, hleðsluhæð 1.50 m. Hleðsluhæð á norðurhlið er um 1.10 m, grasivaxin að ofan, hleðsluhæð á suðurhlið er um 0.40 m, hleðsluhæð á suðurhlið 0.50 m. Út frá tóftinni hefur síðan verið gerður matjurtagarður sem virðist hafa komið til á seinni árum.
- Heimild:** Túnakort frá 1919.

Bæjarsker 181050-55 – 158

(224)



Horfti í norður yfir matjurtagarðinn.

- Hlutverk:** Matjurtagarður.
- Tegund:** Garðhleðsla.
- Staðsetning:** N: 64°01.727 V: 22°42.345
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Vegna nýbygginga eða vegagerðar.
- Staðhættir:** Um 100 m frá bæjarstæðinu í austur með götuslóðanum sem liggur að Bæjarskeri.
- Lýsing:** Suður- og norðurhliðar garðsins eru 17 m, og austur og vesturhliðar 25 m. Hleðsluhæð er allt að 110 cm, þykkt frá 1 upp í 3 m. Garðhleðslurnar eru grasi vaxnar. Út frá norðvesturhorni garðsins er 7 m langur garðbútur í vestur.
- Heimild:** Túnakort 1919.



Horft í vestur yfir kúaréttina.

Sérheiti: Kúarétt.

Hlutverk: Rétt.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N; 64°01.727 V: 22°42.266

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Stafnsevgi liggur vegaslóði vestur að Bæjarskersbæjarhólnum, um 500 m eftir þeim vegi sunnan vegarins er kúaréttin austan í túngarði, sem liggur í smá beygjum norður-suður eftir landinu.

Lýsing: Kúaréttin er afmörkuð af túngarði sem liggur norður suður í landinu, en vegaslóðinn heim að Bæjarskeri slítur túngarðinn í sundur. Réttin liggur lægra í landinu en slóðinn, og er nokkur bratti í landinu í austur frá túngarðinum. Þar verður rými milli garðs og lands sem hefur verið kúaréttin. Hleðsluhæð garðsins er allt að 1.30 m niður við vegaslóðann, en lækkar niður í 1 m til suðurs. Steinastærð 0.25-0.70 m.

Aðrar upplýsingar: Örnefnaskrá: Klettur upp með afleggjaranum að sunnanverðu sem nefndir eru Stöðulklettur. Þeir eru í kúagirðingu sem þar er.

Heimild: Viðmælandi Einar Bergsson, Sandgerði.

Örnefnastofnun Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur. Bæjarsker, bls. 2. Viðbót við lýsingu Magnúsar Þórarinssonar.



Horft í norðvestur, álagabletturinn fyrir miðju.

Sérheiti: Álagablettur.

Hlutverk: Álagablettur.

Tegund: Frásögn.

Staðsetning: N; 64°01.693 V: 22°42.312

Ástand: Ágætt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Um 10 m í suðaustur frá tveggjahólfa tóft nr. 162 sem er í suðurtúni Bæjarskers.

Lýsing: Grasivaxin steinapúfa um 0.80 m í þvermál, hæðin um 0.40 m.

Aðrar upplýsingar: Við þúfuna mátti ekki vera með ólæti eða raska henni á nokkurn hátt.

Heimild: Viðmælandi Einar Bergsson, Sandgerði.



Horft í suðvestur að Dagmálaflöt, þúfan fremst.

Sérheiti: Dagmálaþúfa.

Hlutverk: Eyktarmark.

Tegund: Þúst.

Staðsetning: N; 64°01.677 V: 22°42.296


Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Fyrir ofan tóft nr. 165.
Lýsing: Lítil grasivaxinn þúfa á hóldragi. Sunnan undir hólnum er lítil tóft, og önnur um 3-4 m austan við hólinn, sem er hlaðin utan í garð sem er í suður-norður. Ekki er hægt að sjá að þarna hafi verið varða eins og sagt er í Örnefnaskrá.
Aðrar upplýsingar: Sunnan við Dagmálapúfu er grasivaxin flöt sem heitir Dagmálaflöt. Í Örnefnaskrá segir að Dagmálapúfa sé rétt upp við veg, gráhvítur klettur með vörðu á. Þar er sólin kl. 9.
Heimild: Örnefnastofun. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Miðneshreppur. Bæjarsker bls.1-2 (77)
 Viðmælandi Einar Bergsson Sandgerði.

Bæjarsker 181050-55 – 162

(204)



Horft í austur yfir tóftina.




Teikning af fjárhústóftinni.

Hlutverk: Fjárhús.
Tegund: Tóft.
Staðsetning: N: 64°01.701 V: 22°42.310
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegna nýbygginga.
Staðhættir: Tóftin er í túni um 90 m suðaustur af bæjarstæði Bæjarskers sunnan vegaslóða að bæjarhólnum.
Lýsing: Tóftin er upphlaðin, mjög grassivaxin, veggir þykkir og miklir. Tóftin er tveggja hólfa og er opin til vesturs. Gólfhæð í hægra hólfinu er um 0.40 m, en hærra um 2-2.5 m innst. Hleðsluhæð á austurhlið 1.40 m. Hleðslurnar lækka til vesturs og eru um 1 m þar sem opið er inn í tóftina.
Aðrar upplýsingar: Framhlið fjárhússins hefur verið úr timbri, sem nú er horfið.
Heimild: Túnakort frá 1919.



Horft í vestur yfir tóftina.



Teikning af tóftinni.

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64°01.687 V: 22°42.291

Ástand: Ágætt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Tóftin er í túni um 100 m austur af bæjarstæði Bæjarskers sunnan vegaslóða að bæjarhólnum.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin að utanverðu, en hleðslugrjót sjást vel að innan, steinastærð um 0.25-0.45 m. Hleðsluhæð á austurhlið er um 1.60 m að innan, en að utan um 1 m. Hæð á suðurhlið að innanverðu 1.80m, en lækkar að opi um 1.10 m og að utan 1 m. Hæð á norðurhlið að innanverðu 1 m og að utanverðu um 0.50 m. Tóftin er opin til vesturs.

Aðrar upplýsingar: Framhlið fjárhússins hefur verið úr timbri, sem nú er horfið.



Horft í austur að stekkjastæðinu fremst á myndinni.

Hlutverk: Stekkur.

Tegund: Óljósir hleðsluveggir.


Staðsetning: N: 64°01.682 V: 22°42.292
Ástand: Slæmt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegna nýbygginga.
Staðhættir: Tóftin er í túni um 100 m suðaustur af bæjarstæði Bæjarskers sunnan vegaslóða að bæjarstæðinu. Um 30 m í suður frá tveggja hólfa tóft nr. 162.
Lýsing: Mjög óljósir tveir grasivaxnir hleðsluveggir sem liggja í austur-vestur um 2-3 m langir, hleðsluhæð um 0.40 m.
Heimild: Túnakort frá 1919.

Bæjarsker 181050-55 - 165

(222)



Horft í suðvestur yfir aðhaldið.




Teikning af aðhaldinu.

Hlutverk: Aðhald, fjárbúskapur.
Tegund: Hleðsluveggur.
Staðsetning: N: 64°01.679 V: 22°42.284
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegna nýbygginga.
Staðhættir: Hleðslan er í túni um 100 m suðaustur af bæjarstæði Bæjarskers sunnan vegaslóða að bæjarstæðinu. Um 30 m í suður frá tveggjahólfa tóft nr. 162.
Lýsing: Hleðsluvegurinn er hlaðinn utan á túngarð, sem liggur í smá sveigum norður-suður í landinu, hleðsluhæð um 0.40 -1.0 m. Hleðslugarðurinn er austurhlið aðhaldsins, en út frá honum er hólfið, sem myndar aðhaldið. Veggir hans eru mjög grasivaxnir, og landið hækkar út frá honum og veitir stuðning að aðhaldinu, sem er mjög grasivaxið og mikill gróður á því.
Heimild: Túnakort frá 1919.



Horft í suðvestur yfir stekkin.



Teikning af stekknum.

Hlutverk: Stekkur.

Tegund: Hleðsluveggir.

Staðsetning: N: 64°01.677 V: 22°42.295

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Hleðslan er í túni um 100 m suðaustur af bæjarstæði Bæjarskers sunnan vegaslóða að bæjarstæðinu. Um 30 m í suður frá tveggjahólfa tóft nr. 162.

Lýsing: Grasivaxnir hleðsluveggir liggja út frá nokkuð stórum steini sem er um 1.40 m á hæð. Skeifulaga veggjahleðslurnar eru út frá steininum, hleðsluhæð er um 0.30-0.40 m.

Heimild: Túnakort frá 1919.



Horft yfir túngarðinn til norðurs.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 64°01.701 V: 22°42.267

Staðsetning garðsins norðan vegaslóða að Bæjarskeri.

N: 64,01, 462 V: 22, 42, 137

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga og vegagerðar.

Ástand: Sæmilegt.

Staðhættir: Garðurinn er um 460 m frá bæjarstæði Bæjarskeri í austur eftir götuslóðanum. Þar liggur hann til suðurs eftir túnjaðrinum fyrir ofan tóftirnar sem eru austast í túni frá bæjarstæðinu. Garðurinn er í smásveigum í landinu og liggur að landamerkjum Hólshúss í suður.

Þessi sami garður liggur síðan norðan við götuslóðann að Bæjarskeri, liggur á óbyggðu svæði fyrir vestan Stafnesveg vestan við húsin nr. 24- 28, og er á landamerkjum Bárugerðis og Bæjarskers.

Lýsing: Garðurinn er grjóhlaðinn og liggur í smásveigum í landinu. Hleðsluhæð um 0.40-1 m. Þvermál um 0.40-1 m.


Heimild: Túnakort frá 1919.

Bæjarsker 181050-55 – 168

(208)



Horft til suðurs yfir tóftina.



Teikning af tóftinni.

Hlutverk: Fjárhús.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64°01.662 V: 22°42.369

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Tóftin er í um 310 m í suður frá bæjarstæði Bæjarskers, út við landamerkjagirðingu Hólshúss og Bæjarskers. Hún er í smá halla á móti norðri.

Lýsing: Tóftin er grasivaxin, en hleðslur sýnilegar í innveggjum tóftarinnar. Hleðsluhæð á suðurvegg, endavegg er um 1.50 m. Hæð á hliðarveggjum er um 1.20 m. Tóftin er opin í norður.

Aðara upplýsingar: Grásteinn (169) er um 8 m í vestur frá tóftinni.




Horft til suðvesturs að Grásteini.

- Sérheiti:** Grásteinn.
Hlutverk: Álagablettur.
Tegund: Náttúrusteinn.
Staðsetning: N: 64°01.662 V22°42.401
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegna nýbygginga.
Staðhættir: Grásteinn er í um 320 m í suður frá bæjarstæði Bæjarskers, út við landamerkjagirðingu Hólakots og Bæjarskers í smá brekku á móti norðri.
Lýsing: Steinninn er náttúrusteinn og er um 1.60x1.20x0,70 m.
Aðrar upplýsingar: Í örnefnskrá segir: Þennan stein má ekki hreyfa.
Heimild: Magnús Þórarinnsson. Örnefnastofnun, Bæjarsker (76), Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur.



Horft til norðurs yfir dældina.



Teikning af dældinni.

- Hlutverk:** Óþekkt, en ætla má um fjárhús sé að ræða.
Tegund: Dæld.
Staðsetning: N: 64°01.693 V: 22.42.471

Ástand: Horfið.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 40 m í suð-suð-vestur frá bæjarstæðinu er hóldrag í túninu um 10x12 m að stærð.
Lýsing: Túnið er suður og vestur frá bæjarstæðinu. Þar má sjá móta fyrir skeifulaga umgjörð á hóldragi, sem er um 10 x12 m.
Aðrar upplýsingar: Á loftmyndum af staðnum má greina skeifulaga form, sem gefur vísbendingu um að þarna hafi verið bygging

Bæjarsker 181050-55 – 171

(219)



Horft til norðurs yfir flötina.

Hlutverk: Óþekkt, en ætla má um fjárhús sé að ræða.
Tegund: Landmótun í túni.
Staðsetning: N: 64°01.695 V: 22.42.519
Ástand: Horfið.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Vegna nýbygginga.
Staðhættir: Um 60 m í suð-suð-vestur frá bæjarstæðinu í túninu á smá hóldragi í landinu.
Lýsing: Túnið er suður og vestur frá bæjarstæðinu. Þar má sjá aflíðandi hóldrag í sléttu túninu. Hóldragið er um 6x6 m að stærð, og yfirborðið er nokkuð slétt.
Aðrar upplýsingar: Á loftmyndum af staðnum má greina veggjaform, sem gefur vísbendingu um að þarna hafi verið bygging



Horft til norðurs yfir klettinn.



Horft í norður. Hleðslur á vesturhlið.

Sérheiti: Kirkjuklettur.

Hlutverk: Bænahús.

Tegund: Heimild, horfið.

Staðsetning: N: 64°01.671 V: 22.42.704

Ástand: Horfið.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Landeyðing.

Staðhættir: Neðan undan Bæjarskeri niður að sjó er grasivaxinn klettur sem skagar út í sjóinn í stórgrýttri fjörunni. Gönguleið er út í klettinn.

Lýsing: Kirkjuklettur er grasivaxinn að hluta og stallaður. Efri hlutinn er um 3x10 m, en neðri hlutinn um 3 x 10-12 m. Í efri hlutanum á vesturhlið má sjá nokkra lausa steina sem koma undan grasinu. Ætla má að þarna geti verið um að ræða hleðslur sem væru undir sverðinum.

Aðrar upplýsingar: Hítardalsbók frá 1367, greinir frá kirkju Ólafs konungs helga á Bæjarskerum.¹⁴

Einnig kemur fram í Íslensku Fornbréfasafni að í ágúst 1488 er jörðin Bæjarsker seld Ólafi biskup og heilagri Hólakirkju. Árið 1517 fær Ögmundur ábóti í Viðey jarðirnar Býjasker, Þórisstaði og Rosmhvalnes í skiptum fyrir jarðirnar Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði.

Árið 1550 eru taldar upp jarðir Hólastóls sem seldar hafa verið í tíð Jóns biskups, þar á meðal er hálf Býjasker, xx, c.¹⁵

Í ritinu Leiðir, lendingar og örnefni á Miðnesi, segir Magnús Þórarinsson um Bæjarsker: Þá byrjar Bæjarskersfjara, á henni er Kirkjuklettur, þar er talið að bænahús hafi staðið, fremur lágur grasi vaxinn klettahöfði laus neðan við túnið og norðan við vörina.

Heimild: Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 221.

Íslenzkt fornbréfasafn XI bls.872.


Magnús Þórarinsson, 1960. Frá Suðurnesjum. Frásagnir frá liðinni tíð.- Leiðir lendingar og örnefni á Miðnesi bls. 123-128. Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík 1960. Örnefnastofnun Íslands.

¹⁴ Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 221

¹⁵ Íslenzkt fornbréfasafn XI bls.872



Horft til norðvesturs yfir sjóbúðina.



Teikning af sjóbúðinni og steinkofanum.

Sérheiti: Sjóbúð.

Hlutverk: Sjóbúð.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 64°01.671 V: 22.42.671

Ástand: Lélegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Landeyðing.

Staðhættir: Um 190 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers, rétt ofan og norðan við Kirkjuklett, niður við sjávarkambinn.

Lýsing: Tóftin er grjóthlaðin, steinstærð 0.25-0.45 m. Hleðsluhæð í norðvesturhlið er um 1.20 m, en á norðausturhlið er um 1 m. Tóftin er opin til suðausturs. Hleðsluveggir tófarinnar við endavegg hafa hrunið á norðausturhlið, en eru heillegir á suðvesturhlið.

Aðrar upplýsingar: Magnús Þórarinnsson segir: “Sunnan undir Kirkjukletti var skiptivöllur, þar ofan við á hærri stað stóðu sjávarhúsin, og fleiri voru þar sjávarhúsin. Þá segir hann einnig: Við Kirkjuklett hefur nýlega verið hlaðinn steinkofi. Þar er heilsuverndarstöð hundanna á Miðnesi, og má með sanni segja að skipt sé um hlutverk á athafnasvæði hinnar fornu útgerðar á Bæjarskerjum.”

Heimild: Magnús Þórarinnsson 1960. Örnefnastofnun, Bæjarsker bls. 5 Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur.



Horft til auturs að hleðsluvegg fyrir miðri mynd.

Sérheiti: Sjóbúð.

Hlutverk: Sjóbúð.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N: 64°01.665 V: 22.42.658

Ástand: Lélegt, næstum horfið.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Landeyðing.

Staðhættir: Um 190 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers. Hleðslan liggur út af tóft 173 í suður. Lega garðsins er í austur-vestur og sveigir til suður eftir sjávarkambinum. Hún er um 8-10 m löng.


Lýsing: Af sjóbúðinni stendur aðeins eftir hleðsluveggur, sem er að hluta til hlaðinn inn í sjávarkambinn eins og hann er núna. Hleðsluvegurinn er grasivaxinn að ofan, hleðsluhæð um 1 m þar sem hann er hæstur, en lækkar niður, eftir því sem hleðslurnar hafa haldið sér. Rétt framan við, sunnan og vestan við þessa sjóbúð, hefur verið Skiptivöllur á klettunum sem þarna eru.

Aðrar upplýsingar: Magnús Þórarinsson segir um sjóbúðina: “Sunnan undir Kirkjukletti er slétt klöpp, skiptivöllur. Þar var aflanum skipt. Sjávarhúsin stóðu þar ofan við á hærri stað. Sér enn fyrir háum hlöðnum grundvelli, þar sem stóðu fjórir timburskúrar, hver fast við annan svo að þeir mynduðu allir saman einn stóran ferhyrning. Tveir þeir fremstu snéru dyrum til sjávar, en á þeim efri snéri annar dyrum að suðri, en hinn til norðurs.”

Heimild: Magnús Þórarinsson 1960. Örnefnastofnun, Bæjarsker bls. 5 Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur.



Horft til vesturs yfir garðinn.



Teikning af hleðslunni.

- Hlutverk:** Sjóbúð
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64°01.667 V: 22.42.684
Ástand: Lélegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Landeyðing.
Staðhættir: Frá Kirkjukletti niður smá halla í austur.
Lýsing: Grasi vaxin grjóthleðsla, L-laga. Lengri armurinn sem er í austur vestur er um 9 m, og norður-suður armur er um 5 m langur, grjóthlaðinn. Steinastærð er um 0.25-0.45 m, grasivaxinn að ofan. Hleðsluhæð um 1 m þar sem hann er hæstur í miðjunni, en lækkar til endanna.
Aðrar upplýsingar: Líkur eru á því að hleðslan sé hluti af sjóbúðinni nr. 174.



Horft til suðvesturs yfir vörina.

- Sérheiti:** Bæjarskersvör.
Hlutverk: Vör.
Tegund: Náttuúrminjar.

Staðsetning: N: 64°01.629 V: 22°42.609

Ástand: Ágætt.

Hættumat: Nokkur hætta.

Hættuorsök: Sjávargangur.

Staðhættir: Frá bæjarhól Bæjarskers niður fyrir túngarðinn, sem er við sjávarkambinn, norðan við kirkjuklett.

Lýsing: Á fjöru má sjá all greinilega rennu að ströndinni sem bátarnir hafa farið eftir að landi. Á flóði hefur verið tekið mið í landinu til að finna réttu leiðina eftir rennunni.

Aðrar upplýsingar: Magnús Þórarinnsson segir um vörina: “Vörin er nokkuð löng, en svo mjó framan til, að varla er árafrítt milli barma. Skarpur hlykkur er á vörinni þar sem Hvalneskirkju ber í skarðið á Eyktarhólma. Er þá vikið til suðurs, svo varamerkin ber sundur, enda smá breikkar þá vörin og lendingin hvítur sandur, er flóð var. Vörin var óþægileg að því leyti að fastagrjót er í botni hennar, hallfleytt til suðurs, og var erfið setning skipanna sem varla tolldu á hlunnum vegna halla og ósléttu. Lá er mikil í Bæjarvörinni í brimi, þegar fallið er yfir fjöruna og vararbarmana. Fiskinn varð að bera upp á skiptivöll, en það er slétt klöpp sunnan undir Kirkjukletti.”


Heimild: Magnús Þórarinnsson 1960. Örnefnastofnun, Bæjarsker bls. 5. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur.

Bæjarsker 181050-55 - 177

(216)



Horft til austurs yfir réttina.



Teikning af réttinni.

Sérheiti: Bátarétt.

Hlutverk: Naust, áður fjárrétt.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 64°01.657 V: 22.42.603

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Um 150 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers, eftir túninu niður að sjávarkambinum. Vestan við upphlaðinn túngarð með girðingu, inn að túninu.

Lýsing: Hleðslugarðurinn er í hálfhring, grjóthlaðinn og grasivaxinn, hleðsluhæð að utan um 0.70 og að innan um 0.50 m.

Aðrar upplýsingar: Magnús Þórarinnsson segir um réttina: “Skipin stóðu í sandinum fyrir neðan túnbakkann í góðviðri, þegar í róðrum stóð, en ef hætta var á flóðhæð

voru skipin sett upp í gamla fjárrétt sem var hálfgrafin inn í bakkann. Enn sést móta fyrir rétt þessari, en hún nær full orðin af alls konar aðfoki og gras gróið yfir.”

Heimild: Magnús Þórarinnsson. 1960. Örnefnastofnun, Bæjarsker bls. 5, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Miðneshreppur.
Viðmælandi Einar Bergsson. Sandgerði.
Túnakort 1919.

Bæjarsker 181050-55 – 178

(218)



Horft til norðurs yfir matjurtagarðinn.

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Hleðslugarður.

Staðsetning: N: 64°01.721 V: 22.42.555

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Matjurtagarðurinn er um 260 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers. Niður við túngarðinn sem er suður-norður eftir landi Bæjarskers niður við sjávarkambinn.

Lýsing: Hleðslur matjurtagarðsins eru grasivaxnar, austurhlið garðsins er túngarðurinn sem liggur norður-suður, en út frá honum eru hleðslur garðsins. Norðurhliðin er 19 m, austur- og vesturhliðar um 30 m og ná saman að sunnanverðu. Hleðsluhæð er um 0.60 m.

Heimild: Túnakort 1919.



Horft til norðurs.

Hlutverk: Hleðslugarður.

Tegund: Túngarður.

Staðsetning: N: 64°01.676 V: 22.42.609

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Túngarðurinn liggur norður-suður eftir túnjaðrinum, sem liggur að sjávarkambinum fyrir neðan og vestan bæjarstæði Bæjarskers. Hann liggur eftir túnstæðinu meðfram landinu sem tilheyrir Bæjarskeri.

Lýsing: Gaðurinn er grjóthlaðinn og grasivaxinn að ofan og nokkuð á hliðum. Í garðinn hafa verið settir tréstaurar og gaddavír. Hleðsluhæð garðsins er um 0.30-0.80 m.

Bæjarsker II

Bæjarsker 181050-55 – 180

(245)

Sérheiti: Bæjarsker nyrðra.

Hlutverk: Bústaður.

Tegund: Bæjarstæði.

Staðsetning: N: 64°01.730 V: 22°42.423

Ástand: Horfið.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Frá Stafnesvegi eftir vegaslóða í vestur að bæjarhólnum.

Lýsing: Á bæjarstæðinu standa nú engin íbúðarhús. Á Bæjarskeri nyrða stóð síðast hús sem var byggt upp úr 1950. Það brann árið 2001. Frá Bæjarssketi nyrða að bæjarstæði Bæjarskers syðra voru um 2-3 m á milli húsanna. Kringum bæjarstæði er grjóthlaðinn garður um heimatúnið. Suðurhlið garðsins skilur að nyrðri og syðri bæjarhól Bæjarskers.

Aðrar upplýsingar: Stærð lóðar bæjarhólsins er samkvæmt uppdrætti frá Verkfræðistofu Reykjaness 910 m².

Síðurstu ábúendur á Bæjarskeri norður voru hjónin Halldóra Sólveig Thorlacius (1918-2005) og Jónas Bjarni Jónasson (1914-1981)

Heimild: Ólafur Jónasson Keflavík.

Bæjarsker 181050-55 - 181

(245 a)



Horft til suðurs að bæjarstæðinu.

Sérheiti: Bæjarskersheimatúngarður.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N; 64°01.726 V: 22°42.460

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Vegna nýbygginga.

Staðhættir: Garðurinn er á suður vestur og norðurhlið bæjarstæði Bæjarskers nyrða, og afmarkar bæjarstæðið.

Lýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn, steinastærð um 0.25-0.60 m. Hleðsluhæð á suðurhlið er um 1.20 m, vesturhlið um 1 m. Þar er rof í garðinn, og þar fyrir

vestan og neðan er matjurtagarður. Hleðsluhæð á norðurhlið allt að 2 m. Innan garðsins er að finna steypfjárbað. Við suðurhlið garðsins eru tvær 4 m langar einhlaðnar hleðslur í norður með tveggja metra millibili. Er austari hleðslan aðeins hærri í landinu og hleðslan í henni er sléttir langir steinar, um 0.80m að lengd og 0.30 m á hæð, og eru þeir grasivaxnir að ofan. Neðri hleðslan sú vestari er kúlulaga fjörusteinar um 0.25- 0.30 á stærð. Við norðvesturhlið garðsins er steinsteypf þró 3x1 m og dýpt um 1 m.

Bæjarsker 181050-55 - 182

(245 b)

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Hleðsla.

Staðsetning: N; 64°01.729 V: 22°42.486

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Neðan og vestan við bæjarhól Bæjarskers nyrðra.

Lýsing: Kringum garðinn er grasivaxinn undirhleðslugarður um 0.40 m á hæð. Austur og vesturhlið garðsins er um 90 m og suður og norðurhlið um 60 m. Staurar hafa verið reknir í garðstæðið og á milli þeirra er vírgirðing. Innan garðsins í suðausturhorni hans er steinsteypur brunnur um 3x2 m stór.

Bæjarsker 181050-55 – 183

(246)



Horft til vesturs þangað sem lögrétta er talin hafa verið.

Sérheiti: Lögrétta.

Hlutverk: Lögrétta.

Tegund: Heimild.

Staðsetning: N; 64°01.732 V: 22°42.346

Ástand: Horfið.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Stafnesvegi liggur vegaslóði vestur að Bæjarskersbæjarhólnum. Um 700 m eftir þeim vegi norðan vegarins er sögð vera Lögrétta.

Í örnefnaskrá segir að Lögrétta sé í laut austur af Bæjarskeri II.

- Lýsing:** Svæðið sem talið er að sé Lögrétta er í austur frá matjurtagarði, sem er afmarkaður með hlöðnum garði, sem er grasivaxinn á þeirri hlið sem snýr að Lögréttu. Það mótar fyrir smá hæðarmismun í landinu, óljós garðmyndun í kringum afmarkað svæði.
- Aðrar upplýsingar:** Á Býjaskerjum 1490 er “Dómr Diðriks Pínings fáveta og höfuðsmanns yfir allt Ísland um skuldir Norðlendinga við Sunnlendinga, og um það, hve nær skuli vera vorvertíðarlok.”¹
Þá er á Býjaskerjum í september 1539 kveðinn upp 12 manna dómur sem skipaður var af Erlendi Þorvarðarsyni lögmanni vegna yfirgangs enskra manna á Íslandi. (2)
- Heimild:** Íslenzkt fornbréfasafn VI bls. 718-719.¹
Íslenzkt fornbréfasafn X bls. 474.²
Örnefnastofun. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Miðneshreppur. Bæjarsker bls. 2 (95).
Viðmælandi Einar Bergsson Sandgerði.

NIDURSTÖÐUR

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Bæjarsker syðra.

Númer í sviga vísa til númers í fornleifaskráningunni.

Skriflegar heimildir um sögu Bæjarskers ná aftur til ársins 1270 þar sem greint er frá rekaskiptum í Rosmhvalnesi og er þar getið um rétt Bæjarskers til reka.

Það er því alveg ljóst að Bæjarsker á sér langa sögu, og má rekja hana í gegnum “Íslenskt Fornbréfasafn” og þar má lesa um hin ýmsu mál sem hafa átt sér stað á Bæjarskeri eða er tengjast því á einhvern hátt.

Eins og við sjáum land Bæjarskers í dag er það búsetulandslag með sýnilegum minjum frá fyrrihluta og fram á miðja 20. öld að undaskildum Bæjarhólnum (152, 180) sem sker sig úr sökum umfangs og stærðar. Því má telja víst að á honum hafi staðið byggingar bæjarhúsa Bæjarskers í gegnum aldirnar, og að þar séu minjar margra kynslóða tengdar eru því fólki sem þar bjó.

Samkæmt skilgreiningu Fornleifaverndar ríkisins á eftirfarandi við um Bæjarhól:

Hann samanstendur af hól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkra metra þykkir.

Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar Bls. 23-24. Fornleifavernd ríkisins 2008.

Samkæmt viðmiðunarreglum Fornleifaverndar ríkisins er ekki talið æskilegt að jarðrask sé nær friðuðum eða mikl vægum minjastað en í 20 m fjarlægð frá ytri brún viðkomandi fornleifar. Hlaðinn garður (155, 181) er að mestu uppistandandi í kringum bæjarhólinn á Bæjarskeri syðra og nyðra, og þar sem hann er horfinn eru þó skýr mörk, bæði byggingar og hæðarmunur í landinu sem afmarka stærð hólans. Því er ljóst að jarðrask í og við bæjarhólinn á Bæjarskeri er óheimilt nema með undagengnu leyfi, forsögn og eftirliti frá Fornleifavernd ríkisins.

Samkæmt Túnakorti frá 1919 hafa legið götuslóðar í suður frá Bæjarskersbæjunum að Hólshúsi og enn einn í vestur út að Bæjarskersvör og sjóbúðunum. Vegna túnasléttunar eru þeir ekki merkanlegir.

Túnakort 1919 sýnir brunn (153) austan við bæjarstæðið. Þessi brunnur er nú horfinn, og mun staðsetning hans lenda innan marka 20 m jarðraskis frá svæðisins kringum bæjarstæðið. Þar er einnig annar brunnur (156) sem er vestan við bæjarstæðið, en sá brunnur er enn upphlaðinn. Þá er einning á túnakorti bygging (154), sem er horfin, sem einnig lendir innan 20 m markanna.

Eins og túnkort 1919 sýnir, eru minjar austur af bæjarstæðinu ofan við og í Austurtúni. Þar liggur túngarður (167) í smá sveigum í landinu frá landamerkjum Hólshúss, og Bæjarskers í suður og yfir landið til norðurs. Rof er í garðinn þar sem vegaslóðin er að Bæjarskeri, en síðan heldur hann áfram í landi Bæjarskers nyrða að Bárugerði í norður. Innan garðsins í austur frá bæjarstæðinu eru tóftir sem heyra til fjárbúskap og sýna fjölbreytileika og útsjónarsemi á staðsetningu þeirra í landinu.

Tóft (157) er í hættu ef vegurinn verður breikkaður, þar sem hún er alveg við götuslóðann að Bæjarskeri. Tóft (162) er næst bæjarstæðinu í austur, og er í hættu vegna nýbygginga. Út frá þessari tóft eru þrjár litlar tóftir, stekkir, (164, 165, 166). Meðfram fyrrnefndum götuslóða, samsíða tóft 157, er matjurtagarður sem er í hættu vegna vegagerðar eða nýbygginga.

Á þessu svæði er einnig tóft (163) sem ekki er á túnakorti, og er því líklega yngri en túnakortið. Innan svæðisins er einnig Álagablettur (160) og sagt er að við þúfuna megi ekki vera með ólæti eða raska henni á neinn hátt. Eyktarmark frá Bæjarskeri er Dagmálapúfa (161). Austan við áður nefndan túngarð út við vegslóðann er kúarétt (159).

Suður frá bæjarstæðinu á landamerkjum Bæjarsker og Hólshúss er tóft (168) rétt vestan við þessa tóft er Grásteinn (169) sem er álagablettur, og sagt er að þennan stein meigi ekki hreyfa.

Í túninu sem liggur í suðsuðvestur frá bæjarstæðinu og hefur verið sléttað, er hægt að greina dæld (170) í landinu, sem getur bent til þess að undir sverðinum sé að finna leifar mannvirkis. Önnur vísbending um slíkt er smáhóldrag (172) í suðsuðvestur frá bæjarstæðinu.

Kirkjuklettur (172) neðan undan Bæjarskeri niður að sjó er grasivaxinn klettur, sem skagar út í sjóinn í stórgrýttri fjörunni. Gönguleið er út í klettinn. Við Kirkjuklett voru verbúðir og skiptivöllur. Á Kirkjukletti er talið að hafi verið bænahús, segir Magnús Þórarinnsson 1960, í lýsingu sinni um Bæjarsker. Í Hítardalsbók 1367 er greint frá kirkju Ólafs helga á Bæjarskerjum. Af heimildum er ekki hægt að segja um hvort á Kirkjukletti hafi staðið kirkja heilags Ólafs, en nafnið Kirkjuklettur hefur viðhaldist fram á þennan dag. Kirkjuklettur er grasivaxinn, og þar gengur sjór yfir í stórviðrum sem opnar svörðinn smátt og smátt. Sjávarmegin á klettinum eru sýnilegir nokkrir steinar í grassverðinum. Það væri verðugt rannsóknarverkefni að kanna hvort hér er um að ræða steinahleðslu frá bænahúsi eða kirkju sem staðið hafi á Bæjarskeri áður en kletturinn verður fyrir meiri ágangi sjávar.

Við Kirkjuklett sem er rétt norðan við Bæjarskersvör (176) stóðu sjóbúðir (173, 174, 175). Af þeim stendur nú lítið efir vegna ágangs sjávar. Ofan við þetta athafnasvæði, og neðan við túnið var bátarétt (177), sem áður var fjárrétt. Eftir versturhlið túnsins á Bæjarskeri er túngarður (179), sem liggur í norður-suður og skilur að tún og fjöru. Við norurenda garðsins er matjurtagarður (178).

Bæjarsker nyrða.

Fornleifskráning var gerð 2004 af viðkomandi svæði, er þessi skráning viðbót við þá skráningu.

Með tilvísun til niðurstöðu hér að ofan fyrir bæjarhól Bæjarskers syðra, gilda sömu fyrirvarar á jarðraski við bæjarhól Bæjarskers nyrða (180), það er að jarðrask sé ekki nær friðuðum eða miklvægum minjastað í minna en 20 m fjarlægð frá ytri brún viðkomandi fornleifar, og er það túngarðurinn (180) sem liggur í kirngum bæjarstæðið sem markar þessi ytri mörk. Í vestur frá bæjarstæðinu er matjurtagarður (182). Innan garðsins er steinsteyptur brunnur.

Í heimildum frá 1490 er sagt frá því að á Býjaskerjum hafi höfuðsmaðurinn yfir Íslandi dæmt um skuldir Norðlendinga við Sunnlendinga og um hvenær skuli vera vertíðarlök. Þetta gefur vísbendingu um að á Bæjarskeri hafi verið tekin ákvarðanir varðandi lög og reglur, sem leiðir okkur til Lögréttu (183), en það er svæði norðan við vegaslóðann að Bæjarskeri sem í manna munni hefur haft það heiti. Þetta svæði yrði því að vera undir sérstöku eftirliti, ef eitthvað jarðrask yrði á þessum stað.

Samantekt á niðurstöðum:

Mest hætta er á röskun í og við bæjarhólinn á Bæjarskeri.

Í Austurtúni eru tóftir, túngarður og örnefni frá fjárbúskap frá fyrri hluta fyrri aldar.

Í Suðurtúni er tóft og í vesturtúni eru vísbendingar á tveimur stöðum að hleðslur gætu leynst undir sverðinum.

Á Kirkjukletti má sjá í stöku steina sem gætu verið vísbending um hleðslur undir sverðinum. Þar þyrfti að gera fornleifarannsókn, áður en sjórinn nær að eyða þar öllu.

Þar sem menn telja að sé Lögrétta, ættu allar framkvæmdir að vera undir sérstöku eftirliti varðandi jarðrask.

Álagablettir eru tveir – Grásteinn, sem er í Suðurtúni, og Álagablettur sem er við tóftir í Austurtúni.

Allt jarðrask á þessu svæðum ætti að vera undir eftirliti fornleifafræðings, og að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins.

HEIMILDASKRÁ BÝJASKERS


Prentaðar heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók. Þriðja bindi*. Kaupmannahöfn. 1923-1924, 54-58.
Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringu- og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. 1903, 37.
Íslenzkt fornbréfasafn II bls. 77.
Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 221.
Íslenzkt fornbréfasafn IV bls. 658-659.
Íslenzkt fornbréfasafn VI bls. 637, 659, 718-719, 758.
Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls. 608, 700.
Íslenzkt fornbréfasafn X bls. 474.
Íslenzkt fornbréfasafn XI bls. 872.
Íslenzkt fornbréfasafn XII bls. 116, 142, 157.
J. Johnsens. *Jarðatal*. bls. 87 Kaupmannahöfn. 1847.
Landnáma 1. bindi, síðari hluti. 1965, 392.
Magnús Þórarinnsson, 1960. Frá Suðurnesjum. Frásagnir frá liðinni tíð.- Leiðir lendingar og örnefni á Miðnesi bls. 123-128. Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík 1960.
Magnús Þórarinnsson. Örnefnastofnun, Bæjarsker (76), Gullbringu - Kjósarsýsla Miðneshreppur.
Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands, 1919.
Uppdráttur af Bæjarskeri frá 1910. Niðjar Páls Pálssonar og Þórunnar Sveinsdóttur Bæjarskeri.
Örnefnastofun. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Miðneshreppur. Bæjarsker bls 1.2 (95)
Viðbót við lýsingu Magnúsar Þórarinnssonar.

Heimildarmenn við fornleifaskráningu á Bæjarskeri

Einar Bergsson, Stafnesvegi 2 Sandgerði. (300947-4769)
Ólafur Jónsson, Norðurtúni 2, Keflavík. (300844-4809)
Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis (020648-4229).

KORT 1: TÚNAKORT



Heimild: Þjóðskjalasafn Íslands.

KORT 2: STAÐSETNING FORNLEIFANNA.



Kort 2. Staðsetning fornleifanna.

